



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Reykjavík 2. júlí 2021

2106033SA GB
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um Hvítbók um aðlögun að loftslagsbreytingum, mál nr. S-129/2021

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda frá 9. júní sl., þar sem kallað er eftir umsögnum um Hvítbók um aðlögun að loftslagsbreytingum. Einnig er vísað til kynningar og umræðna á streymisfundi um málið sem haldinn var 23. júní sl., í samstarfi milli sambandsins og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Almennt

Það er almennt afstaða sambandsins að hvítbókin sé mikilvægt skref sem skapi grundvöll til markvissari umræðu og aðgerða um aðlögun íslensks samfélags að loftslagsbreytingum. Sambandið átti fulltrúa í verkefnisstjórn um mótun hvítbókarinnar og hafði á þeim vettvangi tækifæri til að koma að sínum áherslum.

Hvítbókin ber þess nokkur merki að upplýsingar vantar um margvísleg atriði og er mikilvægt að leggja áherslu á rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga hér á landi ásamt því að lögð verði áhersla á alþjóðlegt samstarf um verkefnið.

Ljóst er að árangur í aðlögun að loftslagsbreytingum veltur á markvissu samstarfi milli ríkis, sveitarfélaga og fjölmargra annarra aðila. Einnig þarf að leggja áherslu á samhæfingu og samþættingu áætlana milli ráðuneyta. Byggja þarf upp samstarfsvettvang um þekkingarmiðlun og mótun aðgerða sem gagnast geta í þágu alls samfélagsins.

Eitt af mikilvægustu verkefnum framundan er að samþætta loftslagsmálin og almannavarnarkerfið. Skoða þarf skipulag almannavarna í heild hvað varðar aðlögun að loftslagsbreytingum en jafnframt er mikilvægt að nýta þá miklu reynslu sem áunnist hefur við framkvæmd almannavarna til að undirbúa aðlögun að loftslagsbreytingum.

Við umfjöllun um hvítbókina er mikilvægt að hafa í huga að með aðgerðum til aðlögunar er ekki alltaf átt við að þörf sé á nýjum aðgerðum eða nýjum framkvæmdum heldur geta aðgerðirnar t.d. snúist um að bæta nýtingu innviða og landrymis, bæta verkferla, o.s.frv., að vinna á markvissari hátt og samræmdari hátt en þegar er gert, svo sem með innleiðingu grænna lausna þar sem við á.

Hlutverk sveitarfélaga

Loftslagsbreytingar geta haft víðtæk áhrif á starfsemi sveitarfélaga. Afleiðingarnar verða eflaust mismiklar eftir landfræðilegri stöðu sveitarfélaga, stærð, íbúfjölda, íbúasamsetningu, samsetningu dreifbýlis og þéttbýlis og fleiri þáttum.

Sveitarfélög hafa ýmis lögskyld verkefni og víðtækar skyldur í velferðarmálum, húsnæðismálum, umhverfis- og skipulagsmálum, heilbrigðismálum o.fl. málum. Loftslagsbreytingar geta haft áhrif á flest þau verkefni sem sveitarfélögin sinna. Í því samhengi væntir sambandið þess að samstarfsvettvangur sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið SP, sem stofnaður var árið 2019, hafi mikilvægu hlutverki að gegna. Stefnt er að því að kynna í haust á þeim vettvangi Verkfærakistu sveitarfélaga í loftslagsmálum, sem unnið hefur verið að undanfarin misseri.

Áhættuþættir eins og hækkun yfirborðs sjávar, ofanflóð og aukin tíðni ofsaveðurs munu reyna á innviði sem eru á ábyrgð sveitarfélaganna s.s. orku-, vatns- og fráveitur, samgöngur en einnig þætti eins og ábyrgð sveitarfélaga í viðbragði við náttúruvá. Aukin hætta á gróður- og mýrareldum er t.d. þáttur sem sveitarfélög munu þurfa að fást við í sífellt ríkara mæli.

Skipulagsmál eru mikilvægur þáttur þegar kemur að aðlögun að loftslagsbreytingum. Sveitarfélög hafa mörg hver verið að vinna að því að taka tillit til ýmissa áhættuþátta vegna loftslagsbreytinga í sínum áætlunum og skipulagi, t.d. vegna hærri sjávarstöðu og hættu á sjávarflóðum. Ljóst er að töluvert langt er í land með að tryggja sveitarfélögum nægilega gott aðgengi að rannsóknnum og greiningum til að byggja aðlögunaráætlanir á. Ef horft er út fyrir landssteinana, t.d. til Noregs og Danmerkur, þá hafa sveitarfélög þar aðgengi að framreiknuðum áhrifaþáttum loftslagsbreytinga á sínu svæði, í sumum tilfellum allt fram til 2100. Þangað þarf að stefna og mikilvægt að byggja á reynslu annarra þjóða. Við þurfum að búa okkur undir allskonar sviðsmyndir um hvað framtíðin ber í skauti sér og læra að lesa í og vinna með upplýsingar tengdar loftslagsmálum.

Stofnun skrifstofu loftslagsþjónustu og aðlögunar hjá Veðurstofu Íslands gefur væntingar um auknar rannsóknir og vöktum sem geta nýst sveitarfélögunum þegar kemur að aðlögun að loftslagsbreytingum. Hafa þarf í huga að vísindi aðlögunar ganga þvert á fræðasvið. Við höfum hingað til lítið horft til félagslegra þátta og þar þarf að verða breyting á. Í nýrri tillögu Skipulagsstofnunar að viðauka við landsskipulagsstefnu til 2026 er talað um loftslagsmiðað skipulag og að sveitarfélög skuli setja stefnu um aðlögun byggðar og samfélags að afleiðingum loftslagsbreytinga í sínum skipulagsáætlunum. Það er því líklegt að skipulagsvinna sveitarfélaga muni koma til með að horfa enn frekar til þessara þátta.

Sveitarfélög munu þurfa að geta sótt í skipulagssjóð í meira mæli en nú er raunin. Ljóst er að það þarf að auka fjárheimildir sjóðsins, eins og sambandið hefur ítrekað bent á í umsögnum um frumvörp til fjárlaga og fjármálaáætlanir.

Innviðir í sveitarfélögum

Sveitarfélög hafa verið að vinna að ýmsum verkefnum sem munu auka viðnámsþrótt þeirra og samfélagsins alls gegn loftslagsbreytingum þó að þau séu ekki endilega sett undir þann hatt. Sem dæmi er hafið átak í fráveituframkvæmdum með stuðningi ríkisins og einnig hafa sveitarfélög hafið innleiðingu blágrænna ofanvatnslausna sem mun nýtast vel við til að mæta vaxandi úrkomuákefð sem fylgir loftslagsbreytingum. Ljóst er þó að fráveituframkvæmdir munu verða mikil áskorun á næstu árum.

Í fjárlögum ríkisins í ár er gert ráð fyrir að 800 milljónum króna verði varið til þess að styrkja sveitarfélög vegna fráveituf framkvæmda. Mikilvægt er að slíkur stuðningur verði áfram í gildi til ársins 2030 í samræmi við tillögur starfshóps um fráveituf framkvæmdir.

Fjárheimildir til ofanflóðavarna hafa einnig verið hækkaðar sem gerir mögulegt að hraða framkvæmdum við ofanflóðavarnir á þéttbýlisstöðum. Aukin tíðni aurflóða er tilefni til að endurskoða áhættumat víða um land og leggja þarf áherslu á að tryggja að við gerð varnarvirkja sé tekið tillit til niðurstaðna þess mats.

Huga þarf að áhrifum hærrí sjávarstöðu á hafnamannvirki og meta kostnað við nauðsynlegar aðgerðir. Hafnabótasjóður er vanfjármagnaður en ljóst er að slíkar framkvæmdir geta verið ofvaxnar fyrir t.d. minni hafnir á landsbyggðinni og það þarf að skoða hvaðan fjármunir til slíkrar uppbyggingar koma.

Hlutverk slökkviliða

Þegar sjónum er beint að því að auka viðnámsþrótt gleymist alltof oft að fjalla um hlutverk slökkviliða. Víða um land eru slökkviliðin vanbúin til að takast á við áskoranir sem rekja má til loftslagsbreytinga. Í tengslum við gróðurelda hefur komið fram að efla þarf búnað Landhelgisgæslunnar til að aðstoða við slökkvistarf með þylum en einnig hefur komið fram að þörf er á margvíslegum öðrum búnaði til slökkvistarfs á vettvangi. Má þar nefna sexhjól, léttari hlífðarklæðnað o.m.fl. sem er eðlilegt að skoða hvort geti verið færanlegur búnaður sem sendur er þangað sem þörfin er mest á hverjum tíma.

Að áliti sambandsins er eðlilegt og þjóðhagslega hagkvæmt að viðbúnaður sem þessi sé fjármagnaður a.m.k. að hluta af ríkinu í tengslum við markmið um aukna kolefnisbindingu með skógrækt og landgræðslu. Tillögugerð um slíkar aðgerðir ásamt almennri stefnumótun um að efla slökkvilið gæti verið þáttur í gerð grænabókar um brunavarnir sem sambandið telur mikilvægt að vinna sem fyrst.

Þátttaka íbúa og annarra haghafa

Samfélagsleg áhrif loftslagsbreytinga eru óumdeild og koma skýrt fram í stefnunni. Þannig kemur fram í upphafi kafla 2.1 um viðfangsefni stefnunnar að aðlögun snúi að því að búa samfélög undir að takast á við afleiðingar loftslagsbreytinga og í upphafi kafla 3 er tilgreint að meginmarkmið stefnunnar sé að efla viðnámsþrótt íslensks samfélags frammi fyrir loftslagsvá. Að mati sambandsins er þörf á því að leggja meiri áherslu í stefnunni á ábyrgð og þátttöku almennings og annarra hagaðila í aðlögun og aðgerðum. Tilefni er til að kveða fastar að orði heldur en að tala eingöngu um samráð og skilning af hálfu almennings í 7. tl. undirkafla 3.1 um grunngildi og í 10. tl. undirkafla 3.2 um meginmarkmið.

Að áliti sambandsins geta sveitarfélög sem lýðræðislegar staðbundnar einingar gegnt mikilvægu hlutverki til að tryggja ábyrgð og þátttöku íbúa, fyrirtækja og félagasamtaka í sínu sveitarfélagi í aðlögun og aðgerðum. Samsköpun (á ensku Cocreation) er aðferðarfræði sem er beitt í vaxandi mæli til að virkja þátttöku og nýsköpunarmátt almennings og annara hagaðila til að leysa úrlausnarefni. Þessi aðferðarfræði hentar sérstaklega vel á sviði loftslagsmála þar sem þau hafa bein áhrif á nærumhverfi íbúa sem þeir hafa sérþekkingu á.


Bæði ESB og þau Evrópulönd sem eru komin lengst á veg í aðlögun og aðgerðum gegn loftslagsbreytingum leggja áherslu á aðgerðir til að tryggja ábyrgð og þátttöku almennings t.d. með stofnun loftslagsráða með fulltrúum almennings (á ensku Climate Assemblies). Lítil þekking er ennþá á þessari aðferðarfræði hér á landi. Það er helst Reykjavíkurborg sem er farin að hagnýta sér hana. Þörf er á því að byggja upp þekkingu og veita stuðning í upphafi til að koma á árangursríku samstarfi á milli opinberra aðila og íbúa og annarra hagaðila. Telur sambandið tilefni til að tilgreina sérstaklega þennan þátt á bls. 59 í kafla 12 þar sem vikið er að verkefnum sveitarfélaga gagnvart aðlögun og aðgerðum.

Lokaorð

Sambandið vill að lokum lýsa ánægju með að hvítbókin skuli vera komin fram og lýsir miklum vilja til frekara samstarfs um þetta mikilvæga málefni.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs